

Þrjú af átta ráðuneytum með í Grænum skrefum

Af riflega 160 stofnunum ríkisins taka tæplega þrjátíu þátt í hvatakerfi sem sagt er leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum.

UMHVERFISMÁL Af riflega 160 ráðuneytum og ríkisstofnunum taka 28 þeirra þátt í hvatakerfinu Grænum skrefum í ríkisrekstri, verkefni sem fóstorað er af Umhverfisstofnun og er leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum. Meðal þeirra stofnana sem taka þátt eru aðeins þrjú ráðuneyti af átta – umhverfis- og auðlindaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og forsætisráðuneytið.

Frá því árið 2011 hafa þessar riflega 160 stofnanir ríkisins einnig verið eindregið hvattar til að halda Grænt bókhald; til þess eru þær ekki skyldugar en fá um það áminningar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu ef þær gera það ekki. Þátt tóku 26 stofnanir árið 2014.

Kristín Linda Arnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar (UST), skrifar í inngangi að nýjustu ársskýrslu stofnunarinnar að til að „styrkja grænt hagkerfi og grænt samfélag sé mikilvægt að ríkið og stofnanir þess gangi á undan með góðu fordæmi“. Í ræðu sinni á ársfundi stofnunarinnar fyrir helgi hnykkti hún einnig á þessu atriði.

Kristín Linda segist með orðum sínum ekki vera að setja ofan í við stjórnendur ríkisstofnana en vissulega gætu stofnanir ríkisins verið komnar lengra.

Hún segir að verkefnið hafi nú þegar skilað sparnaði fyrir ríkið og umhverfið. Pappírnotkun stofnana sem skiluðu Grænu bókhaldi fyrir árið 2014 minnkaði um 29 prósent. Hún skrifar í ársskýrsluna að ef allar stofnanir myndu minnka pappír-

Það er miklu dýrara að senda frá sér óflokkaðan úrgang heldur en flokkaðan, því úrgang ætti fremur að lita á sem hráefni.



Kristín Linda Arnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar

» Frá 2011 hafa riflega 160 stofnanir ríkisins verið hvattar til að halda Grænt bókhald; til þess eru þær ekki skyldugar en fá um það áminningar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þátt tóku 26 stofnanir árið 2014.

notkun sína eins mikið og þær sem skiluðu Grænu bókhaldi, myndu sparast rúmlega 70 milljónir í ríkisrekstrinum við það eitt. Rafmagnsnotkun hefur dregist saman um 13 prósent milli ára sem sparaði aðrar 57 milljónir á milli ára.

Sama er að segja um úrgangsmál, þar sem það er miklu dýrara að senda frá sér óflokkaðan úrgang heldur en flokkaðan, því úrgang ætti fremur að lita á sem hráefni. „Svo rekstrarlegur ávinningur með þessum verkefnum er verulegur,“ segir Kristín Linda. – *shá / sjá síðu 4*



Burt með skitinn Vörubíll í dekkjahreinsivél á byggingarsvæðinu við Hlíðarenda í Reykjavík. „Þetta er komið í reglugerð borgarinnar. Það er allt hreinsað sem fer út af svæðinu, til dæmis dekkinn á bílunum,“ segir Gísli Sveinbjörnsson hjá GT verktökum. Vélin ráði við að hreinsa 30 bíla á klukkustund. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögregla skoðar meint læknamistök á Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL Breskur karlmaður um fimmtugt lést á Landspítalanum um helgina að því er talið er vegna mistaka við umönnun. Lögregla hefur tekið skýrslu af þeim sem komu að meðferð sjúklingsins.

Samkvæmt heimildum fréttastofu leitaði hann, á brádamóttöku Landspítalans aðfaranótt sunnu-

dags eftir að hafa slasast í miðbæ Reykjavíkur. Maðurinn var í fylgd eiginkonu sinnar. Hann var rifbeinsbrotinn. Maðurinn var ekki lagður inn en lést á Landspítalanum á sunnudag. Í ljós kom að hann var með innvortis meiðsl sem heilbrigðisstarfsfólki yfirsást, þar á meðal sprungið milta.

Okkar markmið er alltaf að nýta greininguna [...] til þess að reyna að bæta þjónustuna.



Ólafur Baldursson

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á LSH, sagðist í kvöldfréttum Stöðvar 2 taka hann alvarlega. „Okkar markmið er alltaf að nýta greininguna af svona atvikum til þess að reyna að bæta þjónustuna og setja í gang allar þær umbætur sem mögulegt er til að hindra að slík atvik gerist aftur,“ sagði Ólafur. – *kbð, þþo*

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Oddný G. Harðardóttir skrifar um grýttan menntaveg. **12**

SPORT Þurfum að fara í naflaskoðun segir Óskar Bjarni. **14**

LÍFID Greta Salóme vel undirbúin fyrir þetta dagskrá. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • BÍLAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


VILTU VINNA ÍBÚÐ?
DRÖGUM ÚT 51.000 VINNINGA Á ÁRINU!

das

SEX ÍBÚÐIR Í POTTINUM
AÐ VERÐMÆTI 30 MILLJÓNIR HVER!

VINNINGUR Í HVERRI VIKU

Veður



Norðvestanátt í dag, nokkuð hvöss um morguninn, en hægari um landið austanvert. Slydda eða snjócoma norðvestan til, annars smáskúrir eða slydduél. Síðdegis fer að lægja og þá fer úrkoman norðvestanlands yfir í rigningu eða slyddu. Hiti 0 til 10 stig, hlýjast á Suðausturlandi. **SJÁ SÍÐU 18**



Dorrit Moussaieff og Ólafur Ragnar Grímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dorrit átti hlut í tveimur félögum

VIÐSKIPTI Dorrit Moussaieff forsetafrú átti hlut í tveimur aflandsfélögum, annars vegar Jaywick Properties Inc. á Bresku jómfrúaejum og hins vegar félaginu Moussaieff Sharon Trust. Þá tengist Dorrit einnig fimm bankareikningum í Sviss.

Frá þessu greinir Reykjavík Media en upplýsingar um málið koma úr gögnum sem uppljóstrarar létu Le Monde, Süddeutsche Zeitung og ICIJ í té.

Gögnin sem um ræðir benda einnig til þess að til hafi staðið að Dorrit ætti að erfa hluta aflandsigna foreldra sinna eftir að móðir hennar félli frá.

Dorrit vildi ekki svara fyrirspurn Reykjavík Media um hvort hún tengdist félögum enn í dag. Í yfirlýsingu sagði hún viðskipti sín alltaf hafa verið í samræmi við lög, og einkamál í ofanálag.

Þá sagði forsetafrúin að fjárhagur hennar og Ólafs Ragnars Grímssonar forseta hafi alltaf verið aðskilinn. Örnólfur Thorsson forsetaritari segir forseta hvorki nú né nokkru sinni hafa haft vitneskju um fjárhagstengsl konu sinnar við foreldra sína eða aðra fjölskyldumeðlimi. – þea

Útkall á Faxaflóa



Veikum ferðamanni hjálpað Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út á Faxaflóa á þriðja tímanum í gær vegna veikinda ferðamanns á skemmtiferðaskipinu Magellan. Þyrlan flutti farþegann á Landspítalann til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bílstjóri í hálfis árs fangelsi

DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt bílstjóra hjá Ferðaþjónustu fatlaðra í sex mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fatlaðri konu. Dómnum verður frestað að liðnum þremur árum haldi hann skilorði. Dómurinn sýknaði hins vegar manninn af ákæru um að hafa nauðgað konunni.

Konan gaf skýrslu um málið í mars árið 2013. Maðurinn neitaði sök. Dómurinn taldi konuna hafa verið trúverðuga og staðfasta þegar kom að frásögn hennar um hvernig maðurinn kafaði á henni. Þá styrkti framburður vitna frásögn hennar. Maðurinn var því sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn henni því dómurinn þótti vera uppi sá vafi í málinu að ekki væri hafið yfir skynsamlegan vafa að maðurinn hafi gerst sekur um að hafa nauðgað konunni. – kbg

Stöðugt minna flutt inn af bensíni og olíu

Ný spá Capacent gerir ráð fyrir tveggja prósentu samdrætti í innflutningi olíu og bensíns á ári hverju fram til 2025. Tækniþróun ræður þróuninni að stórum hluta. Bílar verða stöðugt sparneytnari og rafbilar ryðja sér til rúms.

EFNAHAGSMÁL Innflutningur á olíu og bensíni verður 16 prósentum minni árið 2025 en hann er í dag samkvæmt nýrri spá Capacent. Spáin er hluti af viðleitni fyrirtækisins til að leggja mat á verðmæti olíufyrirtækjanna sem hér starfa.

„Lykilforsenda í verðmati olíufélaga er þróun og framtíð á eldsneytismarkaði,“ segir í inngangi skýrslunnar sem kom út undir lok apríl. Samkvæmt spánni dregst innflutningurinn saman um sem nemur tæpum tveimur prósentum á ári að jafnaði.

„Í kjölfar Parísarsamkomulagsins þurfa Íslendingar að skera niður notkun á olíu og jarðefnaeldsneyti. Beinasta og hagkvæmasta leiðin er að rafvæða (og jafnvel vetnisvæða) bílaflotann og endurnýja fiskiskipafлотann,“ segir í riti Capacent.

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bilgreinasambandsins, segir spána ekki koma á óvart, enda hafi vísindamenn löngum bent á að jarðefnaeldsneyti sé takmörkuð auðlind sem þrjóta muni á endanum. Því megi allt eins gera ráð fyrir því eftir einhverja áratugi að framleiðsla á bensín- og dísilbílum verði hætt að stærstum hluta.

„Sumir hafa spáð þessu innan áratugar,“ segir Özur, en telur þróunina verða hægari. Á móti komi tækniþróun. „Eyðsla bíla samkvæmt skýrslum frá Orkusetri hefur að jafnaði dregist saman um tæp 40 prósent frá 2005. Og sama á við um útblástur.“ Þessi þróun hægi á ferlinu við að klára þessar auðlindir. „Bensínbíllinn á heilmikið inni. Við sjáum núna koma á markaðinn bíla sem skila finu afli, en eru kannski með 900 kúbika vél og eyða einum lítra á hundraðið.“



Í nýrri skýrslu Capacent er bent á að Toyota geri til dæmis ráð fyrir að hætta að framleiða bensín- og dísilbíla fyrir árið 2050. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

Bílaframleiðendur horfa ekki á Ísland þegar þeir ákveða að framleiða bíla.

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bilgreinasambandsins



Özur bendir líka á að þótt rafvæðing bílaflotans kunnist að henta vel hér á landi þá sé rafmagn víða í heiminum framleitt með kolum og olíu. Hér verðum við að fylgja sömu þróun á bílamarkaði og gerist annars staðar í heiminum. „Bílaframleiðendur horfa ekki á Ísland þegar þeir ákveða að framleiða bíla.“

Auk samdráttar í eldsneytisnotkun heimilanna, aðallega vegna sparneytnari bíla, bendir Capacent í skýrslu sinni á að töluverð endurnýj-

Óvissa er í spánni

„Þegar horft er til framtíðar, nokkra áratugi fram á veginn, bendir allt til þess að jarðefnaeldsneytisnotkun muni minnka allverulega. Hversu hröð þessi þróun verður veltur meðal annars á pólitískum ákvörðunum, tækniframförum og verði á olíu og öðrum orkugjöfum. Á allra næstu árum er hins vegar talsverð óvissa um þróun í sölu eldsneytis, bæði til einstaklinga og fyrirtækja.“

– Úr skýrslu Capacent, Eldsneytismarkaður – Staða og framtíð.

en eigi sér stað á fiskiskipafлотanum, en nýju skipin séu sparneytnari en þau eldri. Og þótt innflutningur þotueldsneytis hafi þrefaldast frá 2012 þá séu nýjar flugvélar líka sparneytnari en þær eldri. olkr@frettabladid.is

KitchenAid

THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS



Seguldrifinn
blandari



Einar Farestveit & Co. hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FARÐ' OG SLEPPTU ÞÉR ÚT Í SUMARIÐ

ISLONSKA/STOV/7943/0516



Verð frá: 1.840.000 kr.



Þið smellpassið saman. Aygo og þú með vinum þínum út í sveit. Brostu hringinn meðan þú snattast í bænum. Njóttu þess að mynda ný tengsl með Aygo í sumarsólinni.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér Toyota FLEX

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág
innborgun**

**Tryggt
fram tíðarvirði**

**Fastar
mánaðargreiðslur**



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Framsókn bætir við sig fylgi

STJÓRN MÁL Stuðningur við ríkisstjórnina mælist 37,4 prósent í nýjum Þjóðarpól Gallup og eykst úr 34 prósentum. Fram kemur í umfjöllun RÚV að Framsóknarflokkur bæti við sig fjórum prósentustigum í fylgi, mælist nú með tæp 11 prósent.

Fylgi Pírata minnkar um rúm níu prósent, er nú 26,6 prósent. Fylgi Sjálfstæðisflokks stendur í stað frá síðustu könnun og er 27 prósent.

VG eru með 18,4 prósent fylgi, tapa einu og hálfu prósentustigi. Rúm átta prósent segjast myndu kjósa Samfylkingu, tæp fimm prósent Bjarta framtíð og 3,5 prósent Viðreisn. Um er að ræða netkönnun dagana 14. til 28. apríl. – **kg**

Tilnefna Vatnajökulspjóðgarð á heimsminjaskrá

NÁTTÚRA Hafinn er undirbúningur að því að tilnefna Vatnajökulspjóðgarð sem næstu tilnefningu Íslands fyrir heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Mikill áhugi hefur verið á því að tilnefna Vatnajökulspjóðgarð á heimsminjaskrána og miðast undirbúningsvinnan við að skilgreina og afmarka til hvaða náttúrufyrirbæra tilnefningin tæki. Ljóst er að rekbeltið, heiti reiturinn undir landinu og eldstöðvakerfi í gosbeltunum ásamt samspili elds og íss verða viðfangsefni tilnefningarinnar, segir í tilkynningu.


Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur í

samvinnu við Illuga Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, sett af stað undirbúning vinnu við að skilgreina, afmarka og afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga fyrir verkefnið.

Skípuð hefur verið þriggja manna verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Vatnajökulspjóðgarðs. Verkefni þeirra fyrst í stað er að hefja vinnu við skilgreiningu og afmörkun tilnefningarinnar og setja niður vinnu- og tímaáætlun. Hópurinn mun kalla til nauðsynlegra sérfræðinga og fulltrúa stofnana til þess að skýra og afmarka verkefnið. Stefnt er að því að verkefnis-

» Undirbúningur tilnefningar Vatnajökulspjóðgarðs á heimsminjaskrá miðast við að skilgreina og afmarka til hvaða náttúrufyrirbæra tilnefningin tæki. Þar verði undir rekbeltið, heiti reiturinn undir landinu og eldstöðvakerfi í gosbeltunum ásamt samspili elds og íss.

stjórn skili tillögum til ríkisstjórnarinnar um verkfyrirkomulag og tímaramma í júní og að drög að afmörkun og skilgreiningu tilnefningarinnar verði tilbúin fyrir sumarlok. – **shá**



Hvannadalshnjúkur í Öraefjökli er ein gersema Vatnajökulspjóðgarðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Slæleg þátttaka í grænum verkefnum

Af riflega 160 ráðuneytum og stofnunum ríkisins taka tæplega 30 þátt í tveimur stórum hvataverkefnum í umhverfismálum. Aðeins þrjú ráðuneyti af átta taka þátt. Forstjóri Umhverfisstofnunar segir verkefnið geta sparað ríkinu verulegar fjárhæðir.

UMHVERFISMÁL Af riflega 160 ráðuneytum og ríkisstofnunum taka 28 þeirra þátt í hvataverkinu Grænum skrefum í ríkisrekstri, verkefni sem fostað er af Umhverfisstofnun og er leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum. Meðal þeirra stofnana sem taka þátt eru aðeins þrjú ráðuneyti af átta – umhverfis- og auðlindaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og forsætisráðuneytið.

Frá því árið 2011 hafa þessar riflega 160 stofnanir ríkisins einnig verið eindregið hvattar til að halda Grænt bókhald; til þess eru þær ekki skyldugar en fá um það áminningar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu ef þær gera það ekki. Þátt tóku 26 stofnanir árið 2014.

Kristín Linda Arnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar (UST), skrifar í inngangi að nýjustu ársskýrslu stofnunarinnar að til að „styrkja grænt hagkerfi og grænt samfélag er mikilvægt að ríkið og stofnanir þess gangi á undan með góðu fordæmi“. Í ræðu sinni á ársfundi stofnunarinnar fyrir helgi hnykkti hún einnig á þessu atriði.

Kristín Linda segist með orðum sínum ekki vera að setja ofan í við stjórnendur ríkisstofnana en vissulega gætu stofnanir ríkisins verið komnar lengra en raun ber vitni við að innleiða Grænu skrefin. Hún telur það eiga sér eðlilegar skýringar að fleiri hafa ekki skráð sig til leiks. Verkefnið sé ungt – aðeins sé rúmlega ár síðan Umhverfisstofnun tók við því eftir undirbúningstímabil sem hófst í nóvember 2014.

„En við heyrum líka að langur tími aðhalds og niðurskurðar hafi

Til að styrkja grænt hagkerfi og grænt samfélag er mikilvægt að ríkið og stofnanir þess gangi á undan með góðu fordæmi.

Kristín Linda Arnadóttir, forstjóri UST



staðið í veginum, og lítill tími hafi verið til að fara í ný verkefni. Við höfum sagt á móti að ávinningurinn sé mikill, ekki bara í peningum heldur líka til að efla starfsandann og síðast en ekki síst lágmarka umhverfisáhrif og draga úr sóun. Síðan smita þau út frá sér og geta haft mikil áhrif á fyrirtæki og heimili um að gera slíkt hið sama,“ segir Kristín Linda.

Verkefnið tvö urðu til undir stýrihópi um vistvæn innkaup og tengjast stefnu ríkisins um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur (2013-2016). Þessi stýrihópur sá um innleiðingu stefnunnar og verkefnið tvö þar til í janúar 2015 þegar umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Umhverfisstofnun gerðu með sér samning um umsjón með þessum tveimur verkefnum til tveggja ára.

Samkvæmt samningnum eiga 50 stofnanir að vera búnar að skrá sig í Grænu skrefin fyrir lok árs 2016. Umhverfisstofnun hefur fundið fyrir miklum áhuga á verkefninu og á því von á að mun fleiri stofnanir skrái sig í verkefnið á næstu mánuðum.

Umhverfisstofnun á einnig að



Verkefnið eru til að hvetja til sparnaðar með umhverfisvænum aðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

leiðbeina og kynna Grænt bókhald fyrir stofnunum ásamt frekari þróun á verkefninu. Þá er í samningnum gert ráð fyrir að stofnanir sem skila Grænu bókhaldi verði 65 talsins en þær voru 26 talsins sem skiluðu fyrir árið 2014, fimm færri en árið áður. Í skriflegu svari frá Umhverfis-

stofnun segir að skil standi yfir fyrir árið 2015, og miðað við fyrri ár þá dragast skilin oft um nokkra mánuði. „Þess má þó geta að ef miðað er við að starfsmenn ríkisins árið 2014 voru um 16.600 talsins þá náðu skilin yfir 44 prósent starfsmanna, þar sem um er að ræða mjög fjöl-

mennar stofnanir sem skila Grænu bókhaldi,“ segir í svarinu.

Með bókhaldinu geta stofnanir gert sér grein fyrir keyptu magni og eðli innkaupa á vöru eða orku og þannig sett sér mælanleg markmið um hagræðingu eða að draga úr notkun. svavar@frettabladid.is

Fæðingar viðhalda ekki þjóðfélaginu

HEILBRIGÐISMÁL Fæðingar voru alls 4.292 og 4.363 börn fæddust á Íslandi á árinu 2014. Þetta kemur fram í nýrri Fæðingarskráningu Íslands sem Landlæknisembættið hefur yfirumsjón með.

Fjöldinn er svipaður og árið 2013. Þá hafði fæðingum fækkað talsvert frá árinu 2010 en aldrei hafa fæðst fleiri börn á Íslandi en árið 2009 þegar 5.015 börn fæddust. Fjöldi fæðinga á konu reiknaðist 1,93 á árinu 2014 en 2,1 er sú fæðingartíðni sem þarf til að viðhalda sömu þjóðfélagsstærð.

Tíðni keisaraskurða þetta ár var 15,6 prósent og tíðni áhaldafæðinga 7,9 prósent. Tíðni burðarmálsaða var 4,3 á hver 1.000 fædd börn, þegar öll börn fædd andvana eftir 22 vikna meðgöngu eru talin með.

Árið 2014 voru átta staðir á Íslandi með áætlaðar fæðingar og átta konur fæddu á leið á fæðingarstað. Kvendæild Landspítalans er langstærsti fæðingarstaðurinn en þar voru tæp-



Keisaraskurðir voru 15,6% 2014 og tíðni áhaldafæðinga 7,9% NORDICPHOTOS/GETTY

2,2%

kvenna fæddu utan sjúkrahúsa.

lega þrjár af hverjum fjórum fæðinga á árinu. Fleiri konur fæddu utan sjúkrahúsanna, 93 konur eða 2,2 prósent en þær voru 81 árið á undan.

Fjölburafæðingar voru 71 og voru þær allar tvíburafæðingar. Hlutfall tvíburanna, sem fæðst hafa eftir glasafrjövgunar, hefur lækkað á undanföllum árum.

Árið 2013 höfðu 10,3 prósent þeirra tvíbura sem fæddust orðið til með hjálp glasafrjövgunar sem er mun lægra hlutfall en undanfarin ár. Ekki eru aðgengilegar upplýsingar um þetta hlutfall fyrir árið 2014. – **ebg**



Verð frá 4.450.000 kr.

Þar sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16


WHIRLPOOL DAGAR

**ÖLL WHIRLPOOL HEIMILISTÆKI
MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI**



Whirlpool

**ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR**



Whirlpool

40%

Whirlpool AKM9010NE
60 cm helluborð með 4 keramik
hellum og rofum. 1 x 2100W hella
21 cm. 1 x 1700W hella 18 cm.
2 x 1200W Hella 14,5 cm. Stærð
(bxhxd): 58 x 49 x 51 cm.

TILBOÐ

29.995

FULLT VERÐ 49.995



22%

Whirlpool WHS1021
100 lítra frystikista með hraðfrystingu
og LED skjá sem sýnir hitastig.
Orkuflokkur A+. Frystigeta 9kg.
Geymslutími eftir straumrof 22 klst.
Stærð (hxhxd): 86x52,7x56,9 cm.

TILBOÐ

34.995

FULLT VERÐ 44.995



**Íslenskt stjórnborð
og leiðarvísir**

33%

Whirlpool AWOD6114
1400 snúninga þvottavél með stafrænu
kerfisvali og niðurtalningu. 50L tromla.
6kg. 6th Sense. LCD skjár. Clean+. 15 kerfi.
Þvott hæfni A. Vinduhæfni B. Orkuflokkur
A+++. Stærð (bxhxd): 59,5x85x56,5 cm.

TILBOÐ

39.995

FULLT VERÐ 59.995



38%

Whirlpool ACM2200
Eldavél án blásturs með 4 steypum
hellum. 53 lítra ofn. Yfir og undirhiti.
Grill. Tvöfalt gler í hurð. Geymsluskúffa
og barnalæsing. Orkuflokkur A. Stærð
(HxBxD): 85-92 x 60 x 60 cm.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 79.995



**10 ára
ábyrgð á
kælipressu**

21%

Whirlpool BSNF8121W
Kælikápur með 97 lítra frysti og 222 lítra
kæli. No Frost. 6th SENSE Fresh Control.
Multiflow kælivífta. AntiBacteria Filter. LED
lýsing. Orkuflokkur A+. Frystigeta 4kg / 24
klst. Stærð (hxhxd): 188,5 x 59,5 x 65,5 cm.

TILBOÐ

74.995

FULLT VERÐ 94.995



Heimplistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Þyrluflakið fjarlæggt



Flakið af Airbus Super Puma þyrlunni sem fórst í Noregi fyrir helgi var hift um borð í björgunarskip á sunnudaginn. Þrettán manns fórust með þyrlunni, sem hrpaði skammt frá Bergen. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Reynt að endurlífga vopnahléssamkomulag

Kerry sakar Sýrlandsstjórn um gróf brot gegn vopnahléssamkomulagi. Hann segir uppreisnarmenn einnig eiga sinn þátt í glundroðanum sem nú ríkir.

SWISS Árásir Sýrlandshers á borgina Aleppo hafa kostað hundruð manna lífið síðustu tíu daga. Þar á meðal eru tugir barna og kvenna.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir sýrlensku stjórnina brjóta gróflega gegn samkomulagi, sem gert var um vopnahlé í borginni. Uppreisnarmenn eru ekki saklausir heldur, segir Kerry.

Bæði hann og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, reyna nú að bjarga vopnahléinu út úr því öngþveiti sem ríkt hefur undanfarið, bæði í Aleppo-héraði og víðar í Sýrlandi.

Afar lítið virðist þurfa til þess að vopnahléið renni alveg út í sandinn.

Staffan de Mistura, sérlegur erindreki Sameinuðu þjóðanna gagnvart Sýrlandi, sagði við blaðamenn í Genf, eftir að hann hafði rætt þar við John Kerry, að nú væri reynt að koma á einhverju skipulagi fyrir eftirlit með nýju vopnahléssamkomulagi.



John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ásamt Staffan de Mistura, sérlegum erindreka Sameinuðu þjóðanna gagnvart Sýrlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Við erum að undirbúa slíkt fyrirkomulag, en það þarf pólitískan vilja,“ sagði hann í gær.

Hann sagðist vonast til þess að Sýrlandsstjórn hlusti á Rússa, sem hafa yfirleitt tekið málstað Bashars al Assad forseta.

Í Genf ræddi Kerry einnig við Walid al-Moallem, utanríkisráðherra Sýrlands, og Adel al Jubeir, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu.

Samtökin Syrian Observatory for Human Rights, sem hafa aðsetur í Bretlandi og fylgjast grannt með mannréttindabrotum í Sýrlandi, hafa 145 almennir borgarar fallið í loftárásum á svæði sem uppreisnarmenn eru með á sínu valdi.

Meðal annars hafi verið gerð loftárás á sjúkrahús þar í borg á fimmtudaginn, þar sem meira en fimmtíu manns létu lífið, þar á meðal að minnsta kosti einn læknir og fleira heilbrigðisstarfsfólk.

Þá hafi að minnsta kosti hundruð almennir borgarar fallið í árásum á svæði sem stjórnarherinn hefur á sínu valdi. Meðal annars hafi tunnusprengrum og öðrum heimasmiðudum sprengjum verið varpað á fólk.

Stríðið í Sýrlandi hefur nú staðið í meira en fimm ár og kostað hundruð þúsunda manna lífið. Tölur eru ónákvæmar, en Sameinuðu þjóðirnar telja mannfallið nema um 250 þúsund manns.

gudsteinn@frettabladid.is

FRÁ:

OLÍS

TIL:

KØB EN

Ferðatímabil: 15. sept.–15. des.

Báðar leiðir

27.900

 Vildarpunktur Icelandair
Þú bætir við **11.715** kr. (skattar og gjöld)

GILDIR Í 24 STUNDIR

Frá kl. 12 á hádegis 3. maí til kl. 12 á hádegis 4. maí

Vildarpunktasöfnurum Olís býðst nú einstakt Vildarpunktatilboð á borgarferðum með Icelandair.

Kynntu þér málið á olis.is

Vinur við veginn

CROSS

GÆÐAHJÓL

FRÍ
YFIRFERÐ &
ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA
& GÆÐI

FRÍ
HEIMSENDING*

20% afsláttur
af öllum hjálmum!



CROSS

20" Alissa

- Stell: Stálstell – Steel Hardtail
- Girbúnaður: Shimano 6 gíra
- Bremstur: Promax V-bremstur – TX115C
- Dekk/gjardir: Kenda Sidewall 2.00
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

vnr. 914797, 951106
33.900



CROSS

20" Speedster

- Stell: Stálstell
- Girbúnaður: Shimano 6 gíra
- Bremstur: Promax V-bremstur – TX115C
- Dekk: Kenda Sidewall 2.00
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

vnr. 935920, 935921
33.900



CROSS

24" Alissa

- Stell: Stálstell – Steel Hardtail
- Girbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremstur: Promax V-bremstur – TX115C
- Dekk/gjardir: Kenda Sidewall 2.10
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

vnr. 912952
38.900



CROSS

24" Speedster

- Stell: Stálstell
- Girbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremstur: Promax V-bremstur – TX115C
- Dekk: Kenda Sidewall 2.10
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

vnr. 935922
38.900



FROZEN

16" Frozen

vnr. 932102
29.900



Sofia

16" Sofia

vnr. 954465
29.900



PAW PATROL

16" Paw Patrol

vnr. 954463
29.900



STAR WARS

16" Star Wars


vnr. 954461
29.900



Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Gildir til 08. maí á meðan birgðir endast. Allt vörurvalið er fánlegt í Smáralind og á Hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum.
*Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu. **Frí yfirferð og ástandskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá viðurkenndum fagaðila.



FRÁ:

OLÍS

TIL:

LONDON

Ferðatímabil: 15. sept.–15. des.


Báðar leiðir

27.900


Vildarpunktur
IcelandairÞú bætir við **16.115** kr. (skattar og gjöld)

GILDIR Í 24 STUNDIR

Frá kl. 12 á hádegi 3. maí til kl. 12 á hádegi 4. maí



Vildarpunktasöfnurum Olís býðst nú einstakt Vildarpunktatilboð á borgarferðum með Icelandair.



Kynntu þér málið á olis.is

Vinur við veginn

Vöxtur einkaneyslu mestur frá 2007

EFNAHAGSMÁL Þjóðarhagur vænkast og horfur næstu misserin eru góðar samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá hagdeildar ASÍ til næstu tveggja ára, sem gefin var út í gær.

Í skýrslunni er sérstaklega gerð grein fyrir mikilli spennu á vinnu- markaði. Atvinnuþáttaka mælist tæp 83 prósent, þriðjungur fyrirtækja finnur fyrir skorti á starfsfólki og útlit er fyrir að eftirspurn eftir vinnuafli haldi áfram að aukast á næstunni. Dæmi um slæman aðbúnað og kjör erlends launafólks séu áminning um þörf fyrir sterkari innviði vinnumarkaðar og opinbert eftirlit.

Staða heimilanna er talin af skýrsluhöfundum hafa styrkst með

vaxandi kaupmætti og batnandi skulda- og eignastöðu. Þó séu hópar ungs fólks og tekjulágra í erfiðri stöðu og greiði húsaleigu sem er langtum hærra en ásættanlegur húsnæðiskostnaður. Skuldalækkunaráðgerðir síðustu ára hafi lítið gagnast þessum heimilum. Þröng staða leigjenda með íþyngjandi húsnæðiskostnaði muni enn versna að mati skýrsluhöfunda.

Hagdeildin gerir ráð fyrir kraftmiklum vexti einkaneyslunnar á spátímanum. Hagvísar styðja mat hagdeildar upp á 6 prósentu vöxt einkaneyslunnar á þessu ári og því útlit fyrir að vöxturinn verði sá mesti frá árinu 2007. – kb



Fjölgun ferðamanna eykur tekjur ríkissjóðs. Allar líkur eru á að 2016 verði enn eitt metárið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Segir virði Borgunar vera um 20 milljarða

Kristján L. Möller segir hópinn sem keypti hlut Landsbankans í Borgun hafa hagnast um allt að sex milljarða og greitt sér helming kaupverðsins til baka. Ráðherra ítrekar að salan hafi átt sér stað í andstöðu við eigendastefnu ríkisins.

ALÞINGI Deilt var um sölu Landsbankans á hlut sínum í Borgun á þingi í gær. Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Bjarna Benediktsson um verðmat á hlut Landsbankans í Borgun sem seldur var í lokuðu söluferli. Vildi þingmaðurinn bæði fá að vita hvort verðmat hafi verið unnið af hendi bankans áður en gengið var frá sölu sem og að vita hvert það verðmat hafi verið. Ekki fengust svör við því hvert verðmat hlutarins hafi verið. Bjarni sagðist ætla að skila skýrslu til Alþingis eftir að Bankasýsla ríkisins útskýrir málið fyrir ráðherranum.

„Bankinn hefur nú óskað eftir svörum frá Borgun hvort upplýsingum hafi verið leynt. Þess má geta að Borgun hyggst greiða 2,2 milljarða króna í arð á þessu ári. Því er það svo að arðgreiðslur til hópsins sem keypti hlut í Borgun af Landsbankanum í lokuðu söluferli eru nú komnar upp í helminginn af söluverði hlutarins,“ segir Kristján. „Nýjasta verðmatið á fyrirtækinu hljóðar upp á um 20 milljarða króna og því hefur hópinn hagnast um fjóra til sex og hálfan milljarð á aðeins einu og hálfu ári og fengið helming söluverðsins greiddan til baka í arð.“

Bjarni sagðist í svari sínu sam-mála Bankasýslunni um að söluverð-



Salan á Borgun verður aftur til umræðu í þinginu á þessu ári þegar Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra gefur skýrslu um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

ferð á Borgun hafi varpað skugga á árangur Landsbankans undanfarin misseri og að fagleg ásýnd Landsbankans hafi beðið hnekki. „Það er ámælisvert að ekki hafi verið farin leið opins söluferlis á eignum bankans og það er í andstöðu við eigendastefnu ríkisins sem hefur það meginmarkmið að stuðla að uppbyggingu heilbrigðs fjármálakerfis og byggja upp traust og trúverðuleika á íslenskum fjármálamarkaði,“ segir Bjarni. Söluverðferðin sé

Því eru það góðar fréttir fyrir ríkið sem eiganda Íslandsbanka ef rétt reynist að fyrirtækið er þetta mikils virði.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra

óásættanleg en bætir við að það séu góðar fréttir ef fyrirtækið sé metið á um 20 milljarða króna. „Ríkið, í gegnum eignarhald sitt á Íslandsbanka er mikill meirihluta-eigandi fyrirtækisins. Því eru það góðar fréttir fyrir ríkið sem eiganda Íslandsbanka ef rétt reynist að fyrirtækið er þetta mikils virði,“ segir Bjarni. sveinn@frettabladid.is

Búast við flóttu vegna loftslagsbreytinga

UMHVERFISMÁL Innanríkisráðherra Bandaríkjanna, Sally Jewell, sagði í nýlegri heimsókn sinni til Kanada að stjórnvöld þyrftu að búa sig undir straum flóttamanna af svæðinu kringum norðurheimskautið vegna loftslagsbreytinga. Hægt væri að stemma stigu við hlýnuninni og áhrifum hennar ef gripið yrði til aðgerða en breytingarnar væru þegar hafnar og þær gerðust hratt.

Jewell benti á að flytja þyrfti íbúa í bænum Kivalina, sem er á sandrifi við strandlengjuna í Alaska, á brott frá heimkynnum sínum. Vegna bráðnunar hafiss stafar íbúunum hætta af hækkuðu yfirborði sjávar. Búist er við svipuðum aðstæðum annars staðar í Alaska og Kanada, að því er segir á fréttavef The Guardian.

Haft er eftir innanríkisráðherranum að stjórnvaldaleiðtogar verði



Hafis bráðnar hratt á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga. NORDICPHOTOS/AFP

að bregðast við og styðja aðgerðir til að búa samfélagið betur undir loftslagsbreytingarnar. Bent er á að hingað til hafi repúblíkanar verið andvígir fjárfraumlögum í þessu skyni.

Umhverfisráðherra Kanada, Catherine McKenna, sagði loftslagsbreytingar ekki bara snúast um þiðnandi sífrera, heldur hafi þær gríðarleg áhrif á lífnaðarhætti. – ibs

EKKI BARA GÆÐI

UNDIRFATNAÐUR OG SOKKAR Í KAUPBÆTI



16.400 m/vsk

Fullt verð 23.515



VINNU- BUXUR

Rassvasi með tölu
Hliðarvasar
Penna og símavasi
Litir: Grár,
Svartur, Blár

6.500 m/vsk

Fullt verð 9.781



KULDA- GALLI

Vatns- og vindhedur.
Hnjápúðavasar.
Litur: Gulur/svartur.

17.310 m/vsk

Fullt verð 21.638

HNJÁPÚÐAR

Polyethene efni
Passa á flestar
buxur



1.900 m/vsk

Fullt verð 2.964

POLOBOLUR

100% bómull
Litir: Hvítur, Blár,
Svartur og Grár



1.500 m/vsk

Fullt verð 2.344

ÖRYGGISSKÓR

Stáltá, stál í sóla. S3 öryggisstaðall



17.900 m/vsk

Fullt verð 23.957

FLÍSJAKKI

Renndur brjóstvasi
Litur: svartur



9.630 m/vsk

Fullt verð 14.816

BELTI TEYGJANLEGT



1.990 m/vsk

Fullt verð 3.448

VINNUBUXUR EN471

CORDURA® hnjápúðavasar
Hangandi vasar
Vasi fyrir ID kort
Litur: Svartur/Gulur



13.900 m/vsk

Fullt verð 17.686



VINDJAKKI EN 471

19.900 m/vsk


Fullt verð 27.566

Brjóstvasar með rennilás
Tveir hliðarvasar
Árennd hetta
Vind og vatnsheldur



www.sindri.is | sími 567 6000
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI
VINNUFÖT



FRÁ:

OLÍS

TIL:

NEW YORK

Ferðatímabil: 7. sept.–15. nóv.

Báðar leiðir

37.900


 Vildarpunktur Icelandair

Þú bætir við **19.625** kr. (skattar og gjöld)

GILDIR Í 24 STUNDIR

Frá kl. 12 á hádegi 3. maí til kl. 12 á hádegi 4. maí

Vildarpunktasöfnurum Olís býðst nú einstakt Vildarpunktatilboð á borgarferðum með Icelandair.



Kynntu þér málið á olis.is

Uppgjör og framboð hvekkja markaðinn

Nýbirt uppgjör fyrirtækja í Kauphöllinni hafa valdið vonbrigðum og leitt til lækkunar á gengi bréfa. Óvænt framboð á fjárfestingarkostum hefur líka áhrif.

VIÐSKIPTI Hlutabréf í Icelandair Group fyrir ríflega 1,5 milljarða króna skiptu um hendur í gær. Gengi bréfa í öllum skráðum fyrirtækjum á aðal-lista Kauphallar Íslands lækkuðu. Mest í Icelandair Group eða um 3,47 prósent, en næstmest í Marel eða 3,13 prósent og nam veltan með bréf í Marel 565 milljónum króna. Úrvals-vísitalan lækkaði um 2,62 prósent. Á föstudaginn lækkaði hún um 4,99 prósent. Samtals nemur lækkunin 7,61 prósent og er mesta samfellda lækkunin tvo daga í röð frá árinu 2009.

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, segir að lækkunina megi annars vegar skýra með því að nýbirt uppgjör hafi líklegast valdið vonbrigðum. „Uppgjörslotan stendur yfir og uppgjörin og þær horfur sem þau lýsa virðast hafa verið undir væntingum. Þar munar mestu um Icelandair Group,“ segir Stefán Broddi. Í afkomutilkynningu sem birt var í síðustu viku kemur fram að tap Icelandair Group á fyrsta fjórðungi nemur rúmum 1,9 milljónum króna eftir skatta og að nú er búist við að afkoman fyrir árið verði lakari en áður var talið. „Þetta er algjört lykilyfirtæki í kauphöllinni og það hafði heilmikil áhrif.

Uppgjörslotan stendur yfir og uppgjörin og þær horfur sem þau lýsa virðast hafa verið undir væntingum. Þar munar mestu um Icelandair Group.



Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka



Hins vegar megi skýra lækkunina með því að á föstudaginn og í dag hafi komið fram óvænt framboð á hlutabréfum. Á föstudaginn tilkynnti Hampðjan um fyrirhugaða sölu á 8,79 prósent hlut í HB Granda. Í gær auglýsti Landsbankinn svo 23,3 prósent hlut sinn í Eyri Invest til sölu.

Til viðbótar segir Stefán Broddi að síðasta vika hafi verið slæm á erlendum mörkuðum og það hafi áhrif hér. Vísar hann til þess að uppgjör Apple hafi valdið vonbrigðum sem hafi orðið til þess að bréf í fyrirtækinu féllu í verði. „Fimmfundurinn var slæmur erlendis en föstudagurinn var slæmur hjá okkur,“ segir Stefán Broddi.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði á dögnum að stefnt yrði að því að koma meginþorra þeirra eigna sem ríkið fékk með stöðugleikaframlagi í verð fyrir áramót. Stefán Broddi telur ekki að þessi yfirlýsing hafi haft áhrif. „Það er óvænt framboð sem skiptir máli. Og ég held að flestir hafi gert sér grein fyrir því að ríkið hafi ekki ætlað sér að verða einhver minnihlutaeigandi í Sjóvá, Reitum, Eimskip, eða einhverjum öðrum samkeppnisfyrirtækjum til lengdar. Ég efast um að það hafi haft áhrif.“ jonhakon@frettabladid.is

Sjóvá

440 2000

Allir vegir færir?

Opinn morgunverðarfundur um fjölgun bílaleigubíla hér á landi og áhrifin af því.

Hvað getum við lært af þeim óhöppum og slysum sem hafa orðið og hvað getum við gert betur til að auka öryggi?

Fundurinn fer fram miðvikudag 4. maí hjá Sjóvá í Kringlunni 5, kl. 8:30 – 9:45. Húsið opnar kl. 8:00.

- Fjóra Guðjónsdóttir frá Sjóvá
 - Jónas Guðmundsson frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu
 - Gunnar Valur Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar
 - Hreinn Haraldsson frá Vegagerðinni
 - Þórólfur Gunnarsson frá Datadrive
- Fundarstjóri er Ómar Svavarsson frá Sjóvá

[Skráning á sjova.is](#)



SJÓVÁ



Vinur við veginn

GRÓFMALAÐ KAFFI FYRIR PRESSUKÖNNUNA

GÓÐAR STUNDIR GERAST HÆGT

Merrild pressukönnukaffi

Sérstaklega malað fyrir pressukönnur en hentar einnig fyrir uppáhellingu.

Ljúffengt kaffi úr 100% lífrænum Arabica kaffibaunum.
Baunirnar eru ræktaðar á sjálfbæran hátt á mið- og suður-amerísku hálendi.
Þær eru meðalbrenndar og gefa ljúfan og jafnan keim.

NÝTT



Niðurstaðan er ekki gefin



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Aukinn þungi er að færast í umræðu um komandi forsetakosningar, sem fram fara undir júnílok næstkomandi, og línur heldur að skerpast, jafnvel þótt ekki liggi enn fyrir hverjir á endanum verði í kjöri.

Svigrúm þeirra sem enn kunna að eiga eftir að stíga fram er þó heldur að minnka því frestur til að skila til innanríkisráðuneytisins tilkynningu um framboð, ásamt tilskildum gögnum, rennur út 20. maí.

Líkt og kunnugt er töldu margir frambjóðendur forsendur breyttar þegar sitjandi forseti, Ólafur Ragnar Grímsson, tilkynnti fyrir um hálfum mánuði að sér hefði snúið hugur og að hann ætlaði, eftir allt saman, að bjóða sig fram aftur til embættisins.

Ólafur sagðist bregðast við ákalli fjölda fólks um að hann gæfi kost á sér áfram og vitnaði til þess á kynningarfundi um eigið framboð á Bessastöðum að framundan væru óvissutímar og styrka hönd kynni að þurfa í embættinu þegar kæmi til þess næst að mynda hér ríkisstjórn.

Og þótt einhverjir hafi haft á orði að með þessum orðum vantreysti Ólafur Ragnar bersýnilega öllum öðrum en sjálfum sér til verka þá virtist stórum hluta fólks létt við tilhugsunina um að vanur maður ætlaði að gegna starfi sínu áfram. Fyrstu kannanir sýndu vel yfir helmingssýnir við framboð hans.

Lítil skoðanakönnun sem Frjáls verslun lét gera núna frá fimmtudegi til sunnudagsins 1. maí leiðir hins vegar óvænt í ljós að óvarlegt væri að gefa sér fyrirfram nokkuð um niðurstöðuna í kosningunum 25. júní.

Á vef útgáfufélagsins var í gær frá því greint að ekki væri marktækur munur á fylgi við Ólaf Ragnar og Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing. Í könnuninni, þar sem gild svör fengust frá 445, var Guðni meira að segja með örlytla forystu þegar fólk var beðið um að velja á milli þeirra tveggja eingöngu, 51,1 prósent fylgi á móti 48,9 prósentum.

Sitjandi forseti nýtur mests fylgis hjá kjósendum stjórnarflókanna. Athygli vekur að ekki reyndist marktækur munur á fylgi frambjóðenda eftir aldri kjósenda, utan að Ólafur nýtur mun meira fylgis hjá fólki yfir sjötugu, 63 prósent á móti 32 prósentum Guðna.

Þegar fólk er beðið að nefna hvern sem er þá verður dreifingin eðlilega meiri, Ólafur Ragnar með 32,3 prósent fylgi, Guðni með 27,0 prósent, Andri Snær Magnason rithöfundur með 5,8 prósent og aðrir með minna (en samanlagt 34,5 prósent).

Enn er tími til stefnu og margt getur breyst. Þó er ljóst að strax í lok þessarar viku skýrist val kjósenda enn frekar þegar Guðni Th. greinir frá því á uppstigningardag hvort hann gefi kost á sér í embættið. Í það minnsta virðist orðið óhætt að spá spennandi kosningum.



Svigrúm þeirra sem enn kunna eiga eftir að stíga fram er þó heldur að minnka því frestur til að skila til innanríkisráðuneytisins tilkynningu um framboð, ásamt tilskildum gögnum, rennur út 20. maí.

Halldór



Frá degi til dags

Fjölmíðlafrelsi
Öll Norðurlöndin, nema Ísland, komast á topp tíu yfir lönd þar sem mest fjölmíðlafrelsi ríkir. Ofan í þessar fréttir berast þau tíðindi að Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður krefji frétta- menn um marga tugi milljóna króna í bætur fyrir umfjöllun um Hliðamálið svokallaða. Í viðtali í DV í fyrra sagði Villi: „... minn styrkleiki eða „forte“ er að taka mál, skafa burt síðuspikið og straumlínulaga það.“ Fari svo að dómstólar dæmi alla sem tjáðu sig um Hliðamálið til jafn hárrar sektar og Vilhjálmur fer fram á er hætt við því að síðuspikið og velmegunarbumban geri vart við sig hjá þeim sem greiðslurnar fá. Þá má með sanni segja að Vilhjálmur sé þyngdar sinnar virði í gulli.

Hnífjafnir
Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur mælast hnífjafnir í könnun um forsetaframbjóðendur. Samkvæmt könnuninni myndi stuðningur við Andra Snæ koma í veg fyrir að Guðni hefði forsetann undir. Guðni er ekki í framboði en hefur boðað til fundar á uppstigningardag þar sem hann hyggst stíga upp undan feldinum. Guðni nýtur vinsælda síðan hann greindi stjórn málaástandið í kringum pólitíska fiaskóið fyrr á árinu. Hvað mun gerast þegar kapp- ræður hefjast? Undir feldinum er hlýtt en á Bessastöðum er kalt og Ólafur Ragnar á heimskautauplu snaeros@frettabladid.is

Grýttur menntavegur



Oddný G. Harðardóttir
þingmaður Sam-
fylkingarinnar

Menntun verður ekki frá okkur tekin. Hún er verðmæt bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Þess vegna er það alvarlegt ef færri fara í nám en þess óska eða ef menntun stæði aðeins þeim efnemeiri til boða. Slík staða væri óásættanleg.

Samkvæmt ársskýrslu LÍN 2014 hefur lánþegum í námi erlendis fækkað um 14 prósent á fimm ára tímabili. Kjör námsmanna versnuðu á sama tíma. Viðbrögð við fækkun nemenda hefðu átt að vera bætt kjör en ekki ákvarðanir um frekari skerðingu lána. Nú hefur LÍN uppfært framfærslugrunn námsmanna erlendis fyrir skólaárið 2016-2017 og í sumum löndum lækkar hann um 20 prósent á næsta skólaári til viðbótar við 10 prósent lækkingu á árinu 2014. Afleiðingarnar verða þær að færri nemendur eiga möguleika á að sækja sér menntun erlendis. Er það stefna hægristjórnarinnar að fækka þeim Íslendingum sem bera hingað heim þekkingu og færni annarra þjóða?

Fullorðnir námsmenn

Þær gerast vart eftir-sóknarverðari vegtyll-urnar fyrir bílaframleiðendur en Bíll ársins í Evrópu, en þann titil ber nú ný kynslóð Opel Astra. Hann kom af nýrri kynslóð síðasta haust, þeirri áttundu reyndar en var kynntur fyrir stuttu hér á landi. Það eru engar ýkjur að segja að Opel hafi vart undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum, sem bílnum hefur hlotnast frá því hann leit dagsljósið. Sagt hefur verið hing-að til að Astra sé „næstumþví“-bíllinn og þá meint að hann sé með næstum jafn góða aksturseiginleika og Ford Focus, næstum því eins vel smíðaður og Volkswagen Golf, næstum jafn vel smíðaður og Toyota Corolla og næstum því eins rúmgóður og Skoda Octavia. Flestir bílblaðamenn eru þó á því að hér sé kominn bíll sem jafnvel slær hinum við að öllu leyti nema rými Octavia. Það er ekki slæmur dómur og eitthvað hefur það verið sem heillaði alla þessa mörgu dómnefndarmenn frá evrópskum bílblaðatímamarkum og blöðum. Víst er að Opel hefur lagt allt í sölu-urnar með hönnun og smíði þessa bíls sem fellur í söluhæsta flokk bíla heims.

Léttist mikið milli kynslóða

Það finnst glögglega í akstri nýja Astra-bílsins að hann hefur lést mikið, eða um heil 200 kíló og gaman að bera saman nýju og næstsíðustu kynslóð bílsins. Hann

er orðinn mun betri akstursbíll og ferlega gaman að henda honum fyrir hornin og hann ræður miklu betur við það en áður. Nýi bíllinn er svo troðinn af nýrri tækni og fíðusum að slíkt á eiginlega heima í miklu dýrari bílum. Opel hefur verðlagt þennan bíl afar hóflega og er það greinilega gert til að skáka samkeppninni og það virðist að einhverju leyti hafa tekist á meginlandi Evrópu, en gríðarmargar pantanir hafa verið í bíl-inn allt frá því hann var kynntur og Opel hefur vart undan. Opel Astra verður í boði frá 3.190.000 kr. og mengar aðeins frá 99 g/km. Hann mun fást með miklu úrvali bensín- og dísilvéla og vali á milli misburðarmikilla innréttinga.

Mikið val góðra véla

Opel Astra býðst hér á landi með tveimur bensínvélum og tveimur dísilvélum. Bensínvélnar eru 1,0 og 1,4 lítra og 105 og 150 hestöfl. Dísilvélnar eru báðar 1,6 lítra og 110 og 136 hestöfl. Greinarritari hefur prófað bíllinn með öllum þessum vélum og eru þær einfaldlega allar góðar. Sú eyðslugrennsta er aflminni dísilvél-in með uppgefna 3,7 lítra eyðslu, en allar eru þær eyðslugrannar. Stærri dísilvél-in eyðir 4,5 lítrum og bensínvélnar 4,4 og 5,1 lítra í beinskíptum útgáfum en aðeins meira með sjálfskiptingu. Koltví-sýringslosun þeirra er líka til fyr-irmyndar, eða frá 99 til 127 g/CO₂ og því falla allar gerðir bílsins í lágan vörugjaldsflokk og eru því á hagstæðu verði, eða frá 3.190.000 til 4.290.000 í alflottustu innov-ation-útfærslu hans með stærri

dísilvélinni. Persónulega var ég hfrfnastur af 150 hestafla bensín-vélinni og með henni er bíllinn ári snöggur. Stærri dísilvél-in er einn-ig frábær kostur og tog hennar er eins og í mun stærri vél. Fjöðrun Astra virðist afar vel stillt en víst er að hún er stífari en í forver-anum og í flestum keppinautum Astra og það gerir bíllinn einkar sportlegan.

Hlaðinn tækninýjungum

Þrátt fyrir að öll mál Opel Astra hafi minnkað frá fyrri kynslóð er bíllinn rúmur og meira að segja farangursrími bílsins með því besta sem gerist í þessum stærð-arflokki. Þægilegt er að sitja í öllum sætum bílsins og fótarárými gott. Greinilegt er að Opel hefur lagt mikið í tækninýjungar í þess-um bíl. Í honum er t.d. Opel Eye, öflugt hátæknivætt öryggiskerfi. Það lætur þig vita og grípur inn í aðstæður ef bíllinn rásar yfir merktu umferðarlínu. Kerfið les líka umferðarmerkin og gerir við-vart ef ekið er yfir leyfilegum há-markshraða. Auk þess eru árekstr-arvari og neyðarhæmlun byggð inn í kerfið. Önnur skemmtileg nýjung er IntelliLux LED Matrix-aðalljós-in sem eru glampafrí og stilla sig sjálf eftir aðstæðum. Með þeim á öku maður aldrei á hættu að blinda öku-menn sem koma á móti. Svo má í þessum bíl fá þægilegt nudd á löngum ökuferðum og innbyggð-ur hiti, sem og loftræsting eru í sætum. Wellness AGR nuddsæt-il í úttekt baksérfræðinga og það styður vel við bakið, nuddar, veitir hita og kælingu.



**YTRI BREYTING
ÚTLITS er ekki
sláandi mikil
milli kynslóða
en bíllinn samt
enn laglegri.**

**ÞRÁTT FYRIR
AÐ ÖLL MÁL
Opel Astra hafi
minnkað frá
fyrri kynslóð er
bíllinn ákaflega
rúmur.**



VINSÆLUSTU ATVINNUBÍLAR EVRÓPU

Gríðarsterk sendibílalína Ford



Standard heitir á morgnana

FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **2.379.000** KR.
FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR ÁN VSK

FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **3.491.000** KR.
FÁANLEGUR Í TVEIMUR LENGÐUM ÁN VSK

FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **4.431.000** KR.
FÁANLEGUR FJÓRHJÓLADRIFINN AWD ÁN VSK

FORD TRANSIT SENDIBÍLAR

› Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford atvinnubíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda harðgerðir, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatiðni. Á síðasta ári var Ford stærsta merkið í flokki atvinnubíla í Evrópu.

Bluetooth GSM símkerfi, olíumiðstöð með tímastillingu (standard heitir á morgnana), spólvörn og brekkubremsa er hluti af ríkulegum staðalbúnaði allra Ford Transit.

Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjafloata.

Komdu og prófaðu Ford Transit

EIGUM TRANSIT SENDIBÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. CO₂ losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 kr. m/vsk. ♦ Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. CO₂ losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 kr. m/vsk. ♦ Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö., 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. CO₂ losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 kr. m/vsk. ♦ Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. CO₂ losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 kr. m/vsk. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Úr verksmiðju Renault í Tangier.

Renault fjárfestir mikið í Marokkó

Renault, ásamt fjölmörgum íhlutaframleiðendum, ætlar að fjárfesta fyrir 129 milljarða króna í Marokkó og reisa einskonar „iðnaðarmiðstöð“ þar sem framleiddir verða íhlutir í Renault- og Dacia-bíla. Renault á tvær bílaverksmiðjur í Marokkó, þ.e. í Tangier og Casablanca. Verksmiðjan í Tangier er stærsta bílaverksmiðja í N-Afríku og eftir að hún verður stækkuð og iðnaðarmiðstöðin verður tilbúin munu verða framleiddir 400.000 bílar á ári í henni. Í þeim báðum eru nú framleiddir Dacia-bílar, Dokker, Lodgy og Sandero í Tangier og Logan og Sandero í Casablanca. Að minnsta kosti fimm-tán íhlutaframleiðendur ætla að taka þátt í uppbyggingu iðnaðarmiðstöðvarinnar og leggja til hennar fjármagn. Bílaiðnaður er mjög vaxandi í Marokkó og PSA/Peugeot-Citroën ætlar að byggja þar nýja bílaverksmiðju sem kosta mun 79 milljarða króna og þar á að framleiða 200.000 bíla á ári. Það eru ekki bara bílframleiðendur sem þyrpst hafa til Marokkó á síðustu árum heldur er franskir flugvélaframleiðandinn Bombardier þar á meðal.



BMW M760i verður glæsilegur bíll.

BMW M760i í tilefni 100 ára afmælis BMW

Þýski bílframleiðandinn BMW fagnar 100 ára afmæli sínu í ár og ætlar að framleiða þessa afmælisútgáfu 7-línunnar í glæsilegri og afar aflmikilli útgáfu af því tilefni. BMW ætlar þó aðeins að framleiða 100 eintök af þessum bíl. Hann verður með 12 strokka 6,6 lítra vél sem skilar 610 hestöflum til allra hjóla bílsins. BMW hefur ekki enn gefið upp hvað þessi glæsilegi bíll mun kosta, en víst er að tilvonandi eigendur þurfa að grafa djúpt í veski sín til að tryggja sér eintak. Bíllinn mun aðeins fást í einum lit, Centennial blue með metallic-lakki. Hann stendur á tveggja tóna 20 tommu álfelgum og innrétting bílsins er klædd ljóslit-uðu leðri sem handsaumað er með breiðum þræði. Bíllinn verður merktur í bak og fyrir sem afmælisútgáfa. Alcantara-efni verður í rjáfrí bílsins og mæla-borðið einkennist af píanósvartri áferð.

Forstjóri Fiat Chrysler vill sameiningu við Toyota, Volkswagen eða Ford

Forstjóri Fiat Chrysler, Sergio Marchionne hefur lengi leitað eftir sameiningu við að annan stóran bílframleiðanda og telur að Fiat Chrysler sé of lítill bílframleiðandi til að geta keppt á jafnréttisgrundvelli við aðra stóra framleiðendur vegna stærðarhagkvæmni þeirra. Eftir að tilraunir hans til að ná sameiningu við General Motors mistókust hefur hann hallað sér að Toyota, Volkswagen og Ford um hugsanlega sameiningu. Hvort það tekst áður en hann lætur af störfum

árið 2018 er allsendis óvíst, en hann segir að verði það seinna sé það höfuðverkur arftaka hans. Sameining verði ekki umflúin. Hann telur að dyrnar hafi aldrei lokast fyrir sameiningu og áfram verði haldið með tilraunir til þess. Marchionne hefur reyndar nefnt einn bílframleiðanda enn, þ.e. kóreska bílframleiðandann Hyundai sem einnig á Kia, en að sú sameining sé ólíklegust þar sem kóreskir framleiðendur séu almennt ekki tilbúnir til neinnar sameiningar við aðra framleiðendur.

Sergio Marchionne, forstjóri Fiat Chrysler



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabíreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLNINGI

Alhliða málningarpjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

REGNBOGALITIR

Pakmálun, útimálun, múrvíðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S. 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímapp. í s. 445 8787.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Húsaviðhald

Parketslípun
sólपालसलपुन | parketlag्नir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is



99% RYKFRÍTT

VIÐHALD FASTEIGNA



Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

Óskast keypt !
Bilskúr eða vinnustofa
póstnr. 107 RVK.
Staðgreiðsla

Upplýsingar í síma
896 2760 og 552 2760

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringur, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

Verslun




Falleg og vrotisk verslun *Hush Hush*

NÝ SENDING KOMIN!
WE-VIBE 4 - Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægjarkremið sem virkar, 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgró. Sendum um allt land www.hush.is

KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Íbúð til leigu. S. 6615219

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU

120 - 280 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma. Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

VANTAR VANA MENN Á DEKKJAVERKSTÆÐI DEKKVERK. NOKKRAR STÖÐUR LAUSAR.

1. Verkamaður á gólfi.
2. Sölumaður í afgreiðslu.
3. Sumarstarfsmenn í törn tímabundna vinnu.

Góð laun í boði fyrir hraða og góða menn. Möguleikar á stöðuhækkun og framtíðarstarfi fyrir klára menn. Vinnutími 10-19
Upplýsingar í síma 578-7474
Einar Björgvin, eða koma á staðinn

HÚSASMÍÐIR

Húsasmíðir óskast á Reykjavíkursvæðið.

Uppl. sendist á ahverktakar@gmail.com eða í s. 896 5767.

GSG ehf óskar eftir mjög öflugum starfsmanni í vinnu. Mikil vinna í boði fyrir réttan aðila. Aðallega er um að ræða málun á bílastæðum og vegmerkingum. Frekari upplýsingar og umsóknir á thorvardur@gsg.is

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

Óska eftir vélstjóra með vs111 réttindi og einnig stýrimann. Uppl. í s. 892 5522

GSG ehf is looking to hire people for work. A lot of work available. This work is mainly about painting parkinglots and road markings. For further information and to apply for the job please email: thorvardur@gsg.is



Bæjarbakari í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu í framtíðarstarf. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

Atvinna óskast

VANTAR PIG STARFSMENN?

Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bílstjóra með meirapróf

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000

e: vinna@verkleigan.is

TILKYNNINGAR

Fundir

AÐALFUNDUR SEYÐFIRÐINGAFÉLAGSINS

Aðalfundur Seyðfirðingafélagsins verður haldinn mánudaginn 9.maí kl. 20:00 á Cafe Meski, Fákafeni 9, 108 Reykjavík.

Allir velkomnir, félagar sérstaklega hvattir til að mæta.

Loftviftur

Haltu loftinu á hreyfingu



Tilboð frá kr 23.990

Westinghouse

Pakblásarar



Hljóðlátar viftur

Fyrir heimili og hótél



Rakamælir

Er hætt á myglusvepp? Hvert er rakastigið?

Tilboð kr 4.990



Rakataeki



Tilboð frá kr 17.990

Svissnesk rakataeki

Veggblásari

Öflugir útblásarar



Tilboð frá kr 29.990

Blikktengi

Rör, beygjur og samsetningar






-andaðu léttar

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

300-500 fm atvinnu- húsnæði óskast til leigu

Við leitum að húsnæði fyrir traust rúfufyrirtæki, helst í Kópavogi, Garðabæ eða Reykjavík. Þurfa góða hurðarhæð og gott útsvæði.

Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, lögg.fasteignasali. S. 773-4700 oskar@atv.is Fyrirtækjasölu Íslands.



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17

Dan V.S. Wium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

Jórusel 18 – Glæsilegt einbýlishús



Glæsilegt og vandað mikið endurnýjað einbýlishús, tvær hæðir, rishæð og sérbyggður bílskúr á lóðinni. Jarðhæðin er með innbyggðum bílskúr, auðvelt að breyta jarðhæðinni í eina eða tvær íbúðir. 4-5 svefnherbergi, 2 badherbergi. Virkilega falleg og vönduð eign sem býður upp á mikla möguleika. Stutt í ósnorta náttúruna. Verð 74,9 millj.

Dan V.S. Wium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090



FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPID VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Digranesheiði 20 – Kópavogi

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



Glæsilegt 303,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 5 svefnherbergjum og tvöföldum bílskúr á einstökum útsýnisstað í Kópavogi. Húsið er allt innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt með innréttingum, innihurðum og gólfefnum úr ljósum viði. Rúmgóðar samliggjandi stofur með arni og verulega aukinni lofthæð. Lóðin er 750 fm. að stærð með tyrfri lóð og fallegum gróðri til suðurs. Verð 98,5 millj.

Kjóahraun 10 220 Hafnarfjörður Glæsileg eign


Stærð: 182,7 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1999
Fasteignamat: 50.550.000

RE/MAX
Fjörður



Þriðjudaginn 3 maí milli 18:00 og 18:30

Verð: 63.700.000



RE/MAX-Fjörður kynnir: Fallegt 182,7 fm steinsteyppt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 32,7 fm bílskúr í lítilli fríseðli götu við Kjóahraun í Hafnarfirði. Húsið stendur við Einarreit sem er ósnortinn hluti af náttúrunni og verndaður sem sögulegar minjar. Horft er yfir reitinn frá eldhúsi og borðstofuglugga. Hellulögð innkeyrsla með hitalagn. 93 fm vernd er við húsið og skjólveggur. Garðurinn hefur hlotið viðurkenningu. Neðri hæð. Flísalögð forstofa með fataskáp og skóskáp, flísar á gólf. Gestasnyrtng innaf forstofu með flisum á gólf og innréttingu. Rúmgóð og björt stofa/borðstofa með parketi á gólf, útgengi úr stofu á fallega víðavernd með skjólveggjum. Eldhúsið var uppgert sl. vetur, ný tæki frá AEG, mikið skápapláss. Inn af eldhúsi er gott flísalagt þvottahús með stórr innréttingu. Innangengt er úr þvottahúsi í rúmgóðan bílskúr, á eftir að klæða loft en klæðingin er til. Skápar í bílskúr. Efri hæð: Fjögur svefnherbergi öll með parketi og góðir fataskápar í tveimur herbergjum. Badherbergið er flísalagt í hólf og gólf, sturta og baðkar. Allar upplýsingar veitir Páll B Guðmundsson lögg.fasteignasali í síma 861-9300

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
861-9300
pallb@remax.is

Stórhöfði 350 fm – Leiga

Höfum verið beðnir um að útvega leigjanda í skrifstofuhúsnæði

Húsnæðið er nýttiskulegt og með mikilli lofthæð og útsýni Stærðin er um 350 fm og er stórt opið rými, skrifstofur og fl.



nánari upplýsingar veita
Svan G. Guðlaugsson
aðstm. fasteignasala
og nemi til löggildingar fasteignasala
sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali
sími: 569 7000
oskar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGSGÖTU 4

SÍMI 570 4500,
OPID VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

NAUSTAVÖR 8 OG 12 – KÓPAVOGI NÝJAR 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR



SÖLUSÝNING
Í DAG

Aðeins
4 íbúðir
eftir

Sölusýning í dag frá kl. 17.00 -18.00

Glæsileg nýbygging við Naustavör í Kópavogi. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja frá 111,1 fm. upp í 153,9 fm. og eru innréttaðar með vönduðum innréttingum frá Brúnási og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru með góðum svölum eða stórr timburverönd. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna, þó eru flísar á badherbergjum og þvottahúsum.

- Eikarinnréttingar.
- Vönduð AEG eldhústæki.
- Fataskápar eru í svefnherbergjum og forstofu.
- Þvottaherbergi innan íbúða með innréttingu.
- Lóð er frágengin með grasþökum og gróðri og hellulögðum gangstéttum.

Byggingaraðili er:
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

TVÆR 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR
• 138,1 fm. á 1. hæð. Verð 59.000.000.-
• 142,2 fm. á 2. hæð. Verð 59.000.000.-

TVÆR 3JA HERBERGJA ÍBÚÐIR
• 111,1 fm. á 2. hæð. Verð 44.500.000.-
• 153,9 fm. á 2. hæð. Verð 59.000.000.-

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar



Stakfell óskar eftir
metnaðarfullum
einstaklingum til starfa.

Stakfell er rótgróin fasteignasala með öfluga liðsheid. Nýlega fluttist Stakfell í glæsilegt húsnæði að Borgartúni 30 og þar með bættust við nokkrar fullbúnar skrifstofur. Ert þú löggiltur fasteignasali eða stefnir þú í nám til löggildingar? Frábært tækifæri og góðir tekjumöguleikar í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

Ferilskrá ásamt kynningarbréfi berist á netfangið stefan@stakfell.is

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Hrafn hdl. lögg.fasteignasali í síma 535-1000/895-2049

Umsóknarfrestur er til 15. maí.



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

Við getum - ég get



Kristín Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, M.Sc. og stjórnarmeðlimur í fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga

Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora nú á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum We Can – I Can eða VIÐ GETUM – ÉG GET.

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar í ár 20 ára starfsafmæli sínu og stendur fyrir röð greina í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET. Fyrsta greinin birtist í Fréttablaðinu 4. febrúar og fjallaði um forvarnir og einkenni krabbameina. Í þessari annarri grein er fjallað um sjúklingamiðaða þjónustu.

Að greinast með krabbamein hefur áhrif á líf þess sem veikist og fjölskyldu hans. Allir finna fyrir einhverri vanlíðan í þessum aðstæðum. Við greiningu krabbameins fer oft flókið ferli í gang, meðferðin er gjarnan margþætt og þjónustan oft veitt af mörgum fagaðilum á mismunandi stöðum í heilbrigðiskerfinu. Hætta er á brotkenndri þjónustu og einstaklingurinn og fjölskylda hans hafa mikla þörf fyrir faglega leiðsögn og stuðning á þessu tímabili.

Víða í heiminum hefur verið hafin vinna við að innleiða sjúklingamiðaða þjónustu (patient centered care) til þess að bæta gæði þjónustunnar í gegnum allt veikindaferli krabbameinssjúklinga strax frá greiningu sjúkdómsins. Áhersla er lögð á óskir og þarfir sjúklingsins og að öll samskipti og fræðsla séu einstaklings-

miðuð. Einnig er lögð áhersla á að meta og meðhöndla einkenni og líðan með markvissum hætti og að stuðla að samféllu og samhæfingu í þjónustunni. Í rannsóknum á sjúklingamiðaðri þjónustu hafa komið fram vísbendingar um að hún geti aukid ánægju með þjónustu, bætt lífsgæði, bætt sálræna líðan, minnkað óvissu og fækkað vandamálum sem tengjast sjúkdómnum og meðferðum við honum.

Mismunandi þjónustuform, sem hafa það markmið að veita sjúklingamiðaða þjónustu, hafa verið þróuð og er algengt að hjúkrunarfræðingar séu lykiláðilar í þjónustunni. Leiðsögn veitt af hjúkrunarfræðingi (nurse navigation) og umsjónarhjúkrun (nurse case management) eru dæmi um sjúklingamiðaða hjúkrunarþjónustu og hefur það fyrrnefnda verið að ryðja sér til rúms viðsvegar í heiminum og þá sér í lagi fyrir krabbameinssjúklinga og fjölskyldur þeirra. Leiðsögn veitt af hjúkrunarfræðingi er einstaklingsmiðuð þjónusta fyrir sjúklinga og fjölskyldur þeirra sem miðar að því að veita heildræna þjónustu, allt frá greiningu til sjúkdómsloka. Á Íslandi er víðast veitt einstaklingsmiðuð þjónusta en í fæstum tilfellum er um formlegt sjúklingamiðað þjónustuform að ræða þar sem leiðsögn er veitt af hjúkrunarfræðingi frá greiningu.

ÉG GET – verið virkur þátttakandi Í sjúklingamiðaðri þjónustu er lögð rík áhersla á sjálfsefningu og að sjúklingurinn sé virkur þátttakandi í sínu krabbameinsferli. Hlutverk fagaðila er meðal annars að hvetja sjúklinginn og fjölskyldu hans til sjálfsefningar og að sniða fræðslu og upplýsingar að óskum þeirra og þörfum til að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir. Markmiðið með sjálfsefningu er meðal annars að sjúklingurinn og fjöl-



Víða í heiminum hefur verið hafin vinna við að innleiða sjúklingamiðaða þjónustu (patient centered care) til þess að bæta gæði þjónustunnar í gegnum allt veikindaferli krabbameinssjúklinga strax frá greiningu sjúkdómsins.

skylda hans eigi auðveldara með að aðlagast breyttum aðstæðum og búi yfir færni til að bregðast fljótt við vandamálum sem geta komið upp og leiti sér aðstoðar tímanlega. Þannig getur sjálfsefning stuðlað að bættri líðan og betri lífsgæðum.

Samtök evrópskra krabbameinsfélaga hafa hvatt aðildarfélög sín til að gera áætlanir varðandi þjónustu við krabbameinssjúklinga. Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa birt slíkar krabbameinsáætlanir. Til þess að styðja við sjúklingamiðaða þjónustu þá er m.a. í sænsku krabbameinsáætluninni mælt með að allir sem greinast með krabbamein fái úthlutadan hjúkrunarfræðing sem lykiláðila (kontakt-sjúksköterska) strax við greiningu og í Danmörku var þetta tekið skrefinu lengra og sett í lög að sjúklingar fái slíkan lykilaðila. Á Íslandi hefur verið unnið að gerð krabbameinsáætlunar á vegum velferðaráðuneytisins. Niðurstaða þeirrar vinnu hefur enn ekki verið birt en það er von fagdeildar krabbameinshjúkrunarfræðinga að þessi áætlun fjalli um sjúklingamiðaða þjónustu í takt við aðrar þjóðir.

Norðurslóðir skipta Evrópu máli



Federica Mogherini æðsti talsmaður utanríkismála hjá ESB



Karmenu Vella framkvæmdastjóri ESB í siglinga- og sjávarútvegsmálum

loftslagsbreytingar eru sýnilegar einhvers staðar í veröldinni þá er það á norðurslóðum. Svæðið kringum norðurheimskautið hlýnar nú tvöfalt hraðar en aðrir heimshlutar. Vetrarisár á svæðinu hafa rýrnað um yfir milljón ferkílómetra – álíka svæði og Frakkland og Þýskaland til samans. Um leið verða áhrifin innan Evrópu æ greinilegri: þessi þurrari sumur, skemmrir vetur og tíðu flóð og stormar sem við höfum kynnst síðustu misseri.

Norðurslóðir varða okkur hins vegar ekki eingöngu vegna umhverfismála. Öryggi og farsæld okkar sjálfra er í húfi og samþætt Evrópustefna um málefni norðurslóða er löngu tímabær. Við þörfum stöðu sem hefur í hávegum félagslega og hagræna þróun alls svæðisins norðan heimskaupsbaugs. Stefnu sem viðurkennir mikilvægi norðurslóða í öryggismálum, staðbundnum sem hnattrænum. Stefnu sem viðurkennir veigamikinn sess svæðisins í utanríkisstefnu okkar.

Þessa dagana kynnum við samþætta Evrópustefnu í málefnum norðurslóða. Tími er til kominn að þrýsta á um áráðnari loftslagsaðgerðir hvað varðar norðurslóðir. Samkomulagið sem náðist

í París í desember um sameiginlegan niðurskurd á losun gróðurhúsalofttegunda var í síðustu viku undirritað af yfir 170 aðilum, þar á meðal Evrópusambandinu. Þetta er stórkostlegur árangur, en við getum ekki látið þar við sitja. Innan Evrópu, sem og um allan heim, verðum við með raunverulegum aðgerðum að standa við loforðin sem gefin voru í París.

Norðurslóðir sjálfar geta orðið heiminum leiðarljós í átt að sjálfbærri þróun. Þar búa fjórar milljónir manna og lífbrauð þeirra og lífs-hættir taka nú breytingum. Svæðið getur orðið uppspretta nýrra viðmiða um nýtingu hreinnar orku, þar á meðal vindorku á hafi, með haföldum og jarðvarma. Nýrsti hluti Evrópusambandsins hefur reynst frjór jarðvegur fyrir þróun tækninýjunga. Okkur ber að tryggja að þeim sé veittur greiður aðgangur að innri markaðnum. Náttúrutengd ferðamennska hefur haslað sér völl á Íslandi og í Lapplandi og haft jákvæð áhrif á staðbundinn efnahag svæðanna, sem býður upp á frekara þróunarstarf.

Getum verið í leiðandi stöðu Danmörk, Svíþjóð og Finnland, norðurslóðalöndin þrjú sem eru innan Evrópusambandsins, eru í forrættindastöðu til að fylgja þessum tækifærum eftir. Saman getum við verið leiðandi afl í átt að sjálfbærri hagþróun, sem verndar hið viðkvæma umhverfi norðurslóða, stuðlar að hringrásarhagkerfi og virðir réttindi innfæddra.

Byggðáhróunarsjóði ESB er ætlað að fjárfesta fyrir yfir 140 milljarða króna á þeim svæðum Svíþjóðar og Finnlands sem tilheyra norðurslóðum, fram til ársins 2020. Að minnsta kosti 5,6 milljarðar að



Samant getum við verið leiðandi afl í átt að sjálfbærri hagþróun, sem verndar hið viðkvæma umhverfi norðurslóða, stuðlar að hringrásarhagkerfi og virðir réttindi innfæddra.

auki munu renna til rannsókna á norðurslóðum árin 2016 og 2017, á meðan ýmsir uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðir Evrópu munu styðja við áætlanir til að draga úr áhættu og aðlagast breyttum veruleika í loftslagsmálum.

Alþjóðlegt samtal þarf til að ná samkomulagi um leiðina að aukinni sjálfbærni. Hingað til hafa norðurslóðir verið skýrt dæmi um uppbyggilegt, svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf. Áskoranirnar sem við stöndum öll frammi fyrir verða flóknar með hverjum degi: sífellt verður brýnna að mæta öllum málsaðilum, móta sameiginlega afstöðu og finna samstarfslausnir. Þetta á við um umhverfisvernd og vísindarannsóknir, en einnig um öryggi siglingamála á norðurslóðum og öryggismál þar almennt. Svæðið liggur um skurðlínur þriggja heimsálfa. Það sem á sér stað norðan heimskaupsbaugs hefur áhrif á Evrópu og heiminn allan. Tilvera okkar veltur á velferð norðurslóða og við getum ekki skorast undan ábyrgð. Stefnu-mótun okkar getur verið, og verður að vera, norðurslóðum til heilla, í þágu núlifandi kynslóða og þeirra sem á eftir koma.

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGDU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!



GÖNGUM FRÁ FJÁRMÖGNUM Á STAÐNUM

NISSAN QASHQAI ACENTA
Nýskr. 04/15, ekinn 19 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 143442

**VERÐ!
3.560 þús.**



NISSAN PULSAR ACENTA
Nýskr. 04/15, ekinn 28 þús km.
bensín, beinskiptur
Rnr. 143434

VERÐ kr. 2.780 þús.



HONDA CIVIC ELEGANCE
Nýskr. 06/15, ekinn 13 þús km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 170426

VERÐ kr. 3.790 þús.



VW TIGUAN TRACK STYLE
Nýskr. 06/13, ekinn 37 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 143439

VERÐ kr. 4.180 þús.



NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 04/13, ekinn 53 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 143438

VERÐ kr. 2.480 þús.



BMW 118d
Nýskr. 08/13, ekinn 51 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 143440

VERÐ kr. 3.940 þús.



RENAULT CLIO EXPRESSION
Nýskr. 06/14, ekinn 36 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 152224

VERÐ kr. 2.180 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is



Öskubuskuævintýri Leicester fékk fullkominn endi í gærkvöld

Pvillik gleði stuðningsmenn Leicester City fjölmenntu á barinn í gærkvöldi og einhverjir eru hugsanlega þar enn. Leicester City varð nefnilega enskur meistari í fyrsta skipti í gærkvöldi er Tottenham náði aðeins jafntefli gegn Chelsea. Ötrúlegt afrek hjá Leicester. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Valur þarf að fara í naflaskoðun

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals í Olísdeild karla, er þakklátur fyrir þá stuðningsmenn sem fylgja liðinu en segir að þeir séu of fáir. Hann segir að það þurfi áttak til að fjölga stuðningsmönnum á vellinum.

HANDBOLTI Það er komið að ögur-stundu fyrir Val og Aftureldingu í Olísdeild karla en þessi lið mætast í oddaleik í undanúrslitum úrslita-keppinnar. Sigurvegari rímmunnar mætir ríkjandi Íslands- og deildarmeisturum Hauka í lokaúrslitunum.

Valur hafnaði í öðru sæti Olísdeildarinnar í vor og fær því að spila oddaleikinn á sínum heimavelli. Valsmenn fengu hins vegar þungan skell í síðasta leik er þeir töpuðu fyrir Mosfellungum með þrettán markum, 29-16.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, er búinn að skoða leikinn vel og niðurstaðan er einföld að hans sögn. „Það er eiginlega allt sem var lélegt hjá okkur á meðan þeir voru öflugir. Það er mikil breyting frá fyrstu tveimur leikjunum í einvíginu sem gáfu líklega betri mynd af liðunum,“ segir Óskar Bjarni.

„Við náðum aldrei að svara fyrir okkur í leiknum. Nú reynir á strákana – að þeir sýni úr hverju þeir eru gerðir og að þeir svari fyrir sig á réttan hátt í þessum leik.“

Hann segir leikmenn sína vitanlega hafa verið svekta yfir niðurstöðunni og frammistöðunni í leiknum. „Menn eru fúlir og skammast sín. En svo þarf að vinna í því að koma mönnum aftur upp á tærnar og hrista aðeins upp í mannskapnum. Við þurfum að gæta okkar að hugsa um hvernig við ætlum að spila og gera réttu hlutina,“ segir Óskar Bjarni en bætir við að úrslitakeppnin vilji stundum vera óútreiknanleg. „En

það þýðir samt ekki að maður eigi einfaldlega að sætta sig við svona frammistöðu,“ bætir þjálfarinn við.

Ákall til Valsmanna

Nokkur umræða hefur skapast um þann stuðning sem liðin hafa fengið og hefur hann verið mismikill. Stuðningsmannahópar ÍBV og Aftureldingar hafa verið afar áberandi og þá hafa Haukar bætt í eftir því sem nær liður vori. Valsmenn hafa dregist aftur úr í þessum efnun og það viðurkennir Óskar Bjarni fúslega.

„Þeir mættu vera aðeins fleiri frá okkur. En þeir sem koma eru mjög duglegir og láta mikið í sér heyrna. Mér fannst ég til dæmis heyrna meira í okkar fáu Valsmönnum á leik tvö gegn Aftureldingu en þeim fjölmörgu Mosfellungum sem voru á leiknum,“ segir Óskar Bjarni.

„Þetta er ákall til Valsmanna. Ef þeir vilja að við komumst í úrslitin þá verða þeir að fjölmenna á leikinn og styðja okkur. Oft hefur maður það á tilfinningunni að mönnum þyki sjálfgefið að vinna oddaleik í fimm leikja seríu. Svo er spurning hvort einhver nenni að koma eftir þessa hörmung á laugardaginn,“ segir Óskar Bjarni en hann hrósar þeim hópi harðkjarna stuðningsmanna Vals sem fylgir liðinu allt frá Reykjavíkurmóti fram í lokaúrslitin.

„Það eru okkar menn. En auðvitað vildum við að þeir væru fleiri í þeim hópi. Það er augljóst að það þarf að gera áttak í þeim málum.“

Óskar Bjarni nefnir sem dæmi að Valur varð bikarmeistari eftir vel

heppnaða úrslitahelgi í Laugardalshöllinni.

„Svo voru fjórtán manns í stúkunninni í næsta leik í deildinni. Stundum verður maður að sýna stuðninginn í verki líka,“ segir hann.

Ekki múkk úr stúkunninni

Óskar Bjarni vill að meira verði gert til að búa til öflugan kjarna af „gallhörðum“ stuðningsmönnum og nefnir til að mynda hvernig stemningin var á leik Vals og Fjölnis í Pepsi-deild karla á sunnudagskvöldi.


„Það var ágætlega mætt en það heyrðist ekki múkk úr stúkunninni. Þetta er áhyggjuefni og félagið þarf að fara í naflaskoðun. Allir þurfa að róa í sömu átt og vekja áhuga á félaginu – leikmenn, stjórnarmenn og líka hinn almenni Valsari. Allir gerum við kröfu um að Valur sé í fremstu röð og þá þarf að vinna vel í þessum málum. Þetta er áhyggjuefni miðað við núverandi stöðu mála.“

Leikur Vals og Aftureldingar hefst klukkan 19.30 í Valshöllinni.

eirikur@frettabladid.is

Þetta er ákall til Valsmanna. Ef þeir vilja að við komumst í úrslitin þá verða þeir að fjölmenna á leikinn og styðja okkur.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals



Pepsi karla í fótbolta

KR - Víkingur 0-0
Lélegur völlum og vindur hafði mikil áhrif á leikinn.

Stjarnan - Fylkir 2-0
1-0 Veigar Páll Gunnarsson (78.), 2-0 Veigar Páll Gunnarsson (86.).

Veigar Páll kom af bekknum og kláraði þennan leik.

Olís-deild kvenna í handbolta

Haukar - Stjarnan 22-23
Haukar: María Ines De Silve Pereira 6 (10/1), Ramune Pekarskyte 6 (13), Karen Helga Diönuðóttir 4/1 (9/2).

Varin skot: Elin Jóna Þorsteinsdóttir 14 (37/7, 38%).

Stjarnan: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 8/7 (9/7), Þórhildur Gunnarsdóttir 5 (6), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 3 (5).

Varin skot: Heiða Ingólfssdóttir 16/1 (38/2, 42%).

Stjarnan er komin í úrslitaeinvígið.

Enska úrvalsdeildin

Chelsea - Tottenham 2-2
Mörkin: 0-1 Harry Kane (35.), 0-2 Heung-Min Son (44.), 1-2 Gary Cahill (58.), 2-2 Eden Hazard (83.).

Þessi úrslit þýða það að Leicester City er Englandsmeistari þegar tvær umferðir eru eftir.

BURNLEY AFTUR UPP

Burnley féll úr ensku úrvalsdeildinni í fyrri en er komið aftur upp. Burnley lagði QPR, 1-0, í gær og er því öruggt um að lenda í einu af tveimur efstu sætum í ensku B-deildinni.

Það var Sam Vokes sem skoraði eina mark leiksins í kvöld og var markinu eðlilega vel fagnað. Það eru aðeins 359 dagar síðan Burnley féll og stuðningsmenn liðsins trylltust af gleði eftir leikinn.

SARA TIL ÞÝSKALANDS

Sara Björk Gunnarsdóttir er á förum til þýska stórlíðsins Wolfsburg en félagið staðfesti það á heimasíðu sinni í gær. Samningur Söru Bjarkar við þýska félagið er til tveggja ára. Hún kemur til Wolfsburg frá sænska félaginu Rosengård þar sem hún hefur leikið undanfarin fimm ár.

„Þrátt fyrir ungan aldur er Sara mjög reynslumikil eftir að hafa leikið bæði í Meistaradeildinni og á stórmótum með íslenska landsliðinu. Hún er hvalreki fyrir okkar félag,“ segir Ralf Kellerman, þjálfari liðsins.

Sara Björk er 25 ára gömul og verður áhugavert að fylgjast með henni í þýska boltanum.

Sara Björk hefur fjórum sinnum orðið Svíþjóðarmeistari með Malmö. Hjá Wolfsburg hittir hún tvo fyrrverandi samherja sína hjá Rosengård sem áður hét LdB Malmö.

Wolfsburg er sem stendur í öðru sæti þýsku 1. deildarinnar á eftir Bayern München.



Í dag

18.30 Bayern - Atletico Sport
20.45 Meistaramörkin Sport

Olísdeild karla, undanúrslit
19.30 Valur - Afturelding Leiknisv.

Ákvað bara að skjóta

Bosníumaðurinn Kenan Turudija tryggði nýliðum Ólsara sigurinn gegn Breiðabliki með frábæru marki. Líður vel í Ólafsvík en leiðist þó stundum. Kom til Íslands til að verða betri fótboltamaður en hann er nú þriðja sumarið hér á landi.

FÓTBOLTI „Þetta var frábær sigur. Við vorum búnir að undirbúa okkur allan veturinn fyrir þennan leik þannig það var gaman að vinna,“ segir Kenan Turudija, bosniskur miðjumaður Ólafsvíkinga, en nýliðarnir í Pepsi-deildinni unnu óvæntan 2-1 sigur á útivelli gegn Breiðabliki í fyrstu umferð Pepsi-deildarinnar á sunnudagskvöldið.

Kenan var hetja leiksins en hann skoraði sigurmarkið með þrumuskoti á 82. mínútu í slána og inn. Bosníumaðurinn er fljótur til svars aðspurður hvort þetta sé eitt hans besta mark á ferlinum.

Vildu fyrirgjöf

„Já, pottþétt eitt það allra besta,“ segir hann, en hvað var Kenan að hugsa þegar hann fékk boltann hægra megin við teiginn og sveiflaði skotfætinum?

„Ég vildi bara skjóta. Ég sá að markvörðurinn var aðeins of framarlega þannig að ég lét bara vaða. Kannski var þetta heppni en kannski ekki,“ segir hann og hlær við. Hann hafði engar áhyggjur af því að í markinu væri einn sá besti í deildinni.

„Ég veit að hann er góður markvörður og auðvitað landsliðsmarkvörður. Ég hugsaði samt ekkert út í það. Staðan var bara 1-1 þannig að ég hugsaði af hverju ekki að reyna að skjóta? Það var einhver inni á teign-

Draumur minn er að komast lengra og spila í stærri deild.

Kenan Turudija

um sem var að kalla eftir fyrirgjöf en ég skaut bara í staðinn og sé ekki eftir því núna,“ segir Kenan.

Hann naut þess að spila í fyrsta sinn í efstu deild á ferli sínum en kjaffullt var á Kópavogsvelli í gær og stemningin góð. „Það var rosalega gaman að spila þarna og enn betra að vinna,“ segir hann.

Miðjumaðurinn hefur trú á að nýliðarnir geti haldið sæti sínu í deildinni og sigurinn í gær sanni það sem þeir hafa verið að segja í aðdraganda mótsins.

„Ef við spilum eins og við gerðum á móti Breiðabliki getum við haldið okkur uppi. Við vorum skipulagðir, spilðum góða vörn og biðum eftir okkar tækifærum til að skora úr skyndisöknum. Þetta er auðvitað bara fyrsti leikurinn en við sýndum alvöru karakter,“ segir Kenna.

Leiðist stundum

Kenan, sem er 25 ára gamall, dvelur nú þriðja sumarið í röð á Íslandi en hann kom fyrst til Sindra og spilaði á Höfn í Hornafirði í 2. deildinni. Þar skoraði hann sjö mörk í 19 leikjum af

miðjunni og Ejub Purisevic, þjálfara Ólsara, leist á það sem hann sá.

„Ejub hringdi í mig og vildi fá mig til Ólafsvíkur. Ég sló til og við komumst upp í efstu deild á fyrsta ári,“ segir Kenan sem skoraði fjögur mörk í 21 leik fyrir Ólsara í 1. deildinni á síðustu leiktíð en þeir fögnuðu sigri í deildinni.

Kenan er frá Kakanj í Bosnía og Hersegóvínu sem er nálægt höfuðborginni Sarajevo. Hann hóf fótboltaferilinn þar en taldi sig geta náð lengra á Íslandi.

„Ég vil alltaf verða betri og draumur minn er að komast lengra og spila í stærri deild. Ég fór til Íslands því ég taldi mig eiga meiri mögulega á að bæta mig á Íslandi en heima í Bosnía,“ segir hann.

